

## REGLUGERÐ

### um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga og fyrirtækja þeirra.

#### 1. gr.

Í sveitarfélögum með 500 íbúa eða fleiri, skal hafa tvöfalt bókhald um fjárreiður sveitarfélagsins. Nú rekur sveitarfélagið fyrirtæki, og er þá sýslunefnd heimilt að ákveða, að sveitarfélagið skuli hafa tvöfalt bókhald, þó að íbúar þess séu færri en 500.

#### 2. gr.

Sveitarfélög, sem hafa skulu tvöfalt bókhald, skulu halda þær bækur, sem hér greinir:

- a. Dagbók (dálkadagbók, journal), þar sem skrá skal allar greiðslur í peningum, sem inn koma eða eru látnar af hendi, svo og öll önnur viðskipti, sem fram fara á vegum sveitarfélagsins. Rétt er að færa sérstaka sjóðbók, ef gjaldkera- og bók- arastörf eru aðskilin, eða ef henta þykir af öðrum ástæðum. Viðskipti skulu, eftir því, sem frekast er unnt, skráð í dagbók jafnóðum og þau fara fram, án tillits til þess, hvenær greiðsla á sér stað. Hver greiðsla eða hver viðskipti færast sérstaklega, en þó er heimilt að færa í einu lagi eftir hvern dag innborganir útsvara, innborganir fasteignagjalda og innborganir annarra skatta, enda séu þá slíkar innborganir færðar jafnóðum í sérstaka sjóðbók.
- Allar færslur í dagbók skulu greinilega dagsettar og fylgiskjal skal fylgja hverri færslu og númer þess skráð í dagbók. Fylgiskjöl skulu merkt í framhaldandi töluröð árið út og þau varðveitt í réttri röð.
- b. Gjaldendabók, þar sem hverjum gjaldanda tekjustofna sveitarfélaga (sbr. 1. og 2 gr. l. nr. 69/1962) er gefinn sérstakur reikningur og gjöld hans skráð, eins og þau eru á lögð, svo og greiðslur þær, sem hann innir af hendi. Einnig skal skrá á viðkomandi reikninga allar breytingar, hækkningar eða lækkningar, sem á gjöldunum verða.
- c. Viðskiptamannabók, þar sem skrá skal viðskipti við aðra aðila en gjaldendur, þar á meðal við önnur sveitarfélög.
- d. Aðalbók (höfuðbók), þar sem skrá skal niðurstöðutölur bókhaldsins. Niðurstöðutölur dagbókar skal færa í aðalbók eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði.
- e. Framfærslubók, þar sem skrá skal alla styrkþega og framfærslustyrk þeim veittan, svo og endurgreiðslur slíks styrks. Í framfærslubók skal koma ljóslega fram, hvers eðlis greiðsla er og hvort um endurkræfan eða óendurkræfan styrk er að ræða. Framfærslulán, þ. e. lán veitt framfærsluþurfa án sérstakrar tryggingar, skal skrá í framfærslubók.
- f. Efnahagsbók, þar sem skrá skal ársfjórðungslega reikningsjöfnuð sveitarfélagsins og árlegt efnahagsyfirlit, þ. e. rekstrar- og efnahagsreikninga sveitarsjóðsins og fyrirtækja hans, ásamt athugasemdum endurskoðenda, svörum reikningshaldara og reikningsúrskurðum. Reikningar þessir skulu færðir í efnahagsbók eigi minna sundurliðaðir, en reikningsform það er, sem félagsmálaráðuneytið lætur gera, sbr. 10. gr.
- g. Skrá um ábyrgðir, sem sveitarfélagið hefur gengið í.
- h. Aðrar þær bækur, sem nauðsyn krefur.

#### 3. gr.

Sveitarfélögum er heimilt að færa bækur þær, er um ræðir í 2. gr., í spjaldskrárformi eða sem lausblaðabækur, nema bækur þær, sem um getur í staflið d. og f. í nefndri gr.

## 4. gr.

Sveitarfélög, sem ekki er skylt að hafa tvöfalt bókhald samkvæmt 1. gr., skulu halda þær bækur, sem hér greinir:

- a. Sjóðbók, sem rita skal í allar peningagreiðslur, sem sveitarsjóður fær eða geldur út. Peningagreiðslur merkja í þessu sambandi:
  1. Allar peningagreiðslur eða jafngildi þeirra, sem fara um hendur reikningshaldara og hafa þannig bein áhrif á þann sjóð, sem reikningshaldari liggur með.
  2. Allar greiðslur, sem fara fram með skuldajöfnun, millifærslum eða verðmætum öðrum en peningum, ýmist beint á milli sveitarsjóðs og viðskiptaaðila eða um hendur þriðja aðila. Slíkar greiðslur skulu ætíð tvíærðar, þ. e. bæði sem innborgun og útborgun, þannig, að mismunur allra innborgana og útborgana samkvæmt sjóðbók sýni jafnan sjóð (jákvæðan eða neikvæðan) í vörzlu reikningshaldara. Dæmi um slíkar greiðslur er t. d., ef gjaldandi greiðir í viðskiptareikning sveitarfélagsins í peningastofnun eða verzlun og afhendir síðan reikningshaldara kvittun fyrir innborgun til greiðslu á t. d. útsvari. Færir þá reikningshaldari tvær færslur í sjóðbók: annars vegar innborgað útsvar (debet færsla), hins vegar innborgun á viðskiptareikning í peningastofnun eða verzlun (kredit færsla).

Allar greiðslur skal, eftir því, sem frekast er unnt, færa í sjóðbók jafnóðum og þær eiga sér stað eða fylgiskjöl með þeim eru afhent reikningshaldara (sbr. lið 2 að framan). Allar færslur í sjóðbók skulu greinilega dagsettar og fylgiskjal skal fylgja hverri færslu og númer þess skráð í sjóðbók. Fylgiskjöl skulu merkt í framhaldandi töluröð árið út og síðan varðveitt í rétti röð.

- b. Efnahagsbók, þar sem skrá skal ársreikninga sveitarsjóðsins með athugasemdum endurskoðenda, svörum reikningshaldara og úrskurðum sýslunefndar. Í bók þessa skal og rita niðurjöfnunarskrá, sveitarfélagsins, eins og hún er lögð fram til sýnis, svo og allar þær breytingar, sem síðar kunna að verða á skránni. Þá skal rita í bókina skrá um þá, sem notið hafa framfærslustyrks og hve mikils og hvers eðlis hann er, einnig fleira, ef henta þykir, svo sem skrá um ábyrgðir, sem sveitarfélagið hefur tekizt á hendur.

Fylgiskjöl þurfa þó ekki að fylgja með innborgun útsvars, eða annarra skatta, enda sé nafn greiðanda og tegund greiðslu skráð í textadálk.

Ársreikningar sveitarsjóðs samkvæmt b.-lið þessarar greinar, eru reikningar yfir tekjur og gjöld, eignir og skuldir. Reikningar þessir skulu færðir í efnahagsbók eigi minna sundurliðaðir en reikningsform það er, sem félagsmálaráðuneytið lætur gera, sbr. 10. gr.

## 5. gr.

Fyrirmæli í 2. og 4. gr. um bækur þær, sem sveitarfélögum er skylt að færa, eru lágmarkskröfur, og er færsla fleiri bóka heimil eftir því, sem henta þykir.

## 6. gr.

Nú hefur sveitarfélag tvöfalt bókhald, þótt því sé það ekki skylt samkvæmt 1. gr., og er það þá ekki bundið af fyrirmælum 4. gr. um færslu sjóðbókar og efnahagsbókar, enda láti endurskoðendur sveitarsjóðsins, sýslunefnd í té yfirlýsingu, sem hún tekur gilda, um að bókhaldið fullnægi til hlítar þeim lágmarkskröfum um gerð og frágang reikninga, sem felast í ákvæðum 4. gr. Efnahagsbók samkvæmt 4. gr. b., getur t. d. verði þrískipt, í efnahagsbók, gjaldendabók og framfærslubók.

## 7. gr.

Félagsmálaráðuneytið annast um, að jafnan séu fáanlegar bækur, til færslu sjóðbókar og efnahagsbókar, samkvæmt 4. gr., en heimilt er sveitarfélögum að færa þessar bækur í öðru formi, enda sé fullnægt öllum ákvæðum þessarar reglugerðar um gerð og frágang reikninga þeirra sveitarfélaga, sem ekki eru skyld til að hafa tvöfalt bókhald.

## 8. gr.

Dagbækur og sjóðbækur skv. þessari reglugerð, sem ekki eru lausblaðabækur, og efnahagsbækur allar, skulu vera gegnumdregnar, tölusettar og löggiltar af hlut- aðeigandi sýslumanni eða bæjarfógeta.

## 9. gr.

Í lok hvers árs skal gera reikning um tekjur og gjöld sveitarfélaga og fyrirtækja þeirra á umliðnu reikningsári svo og reikning um eignir og skuldir, miðað við 31. desember. Rekstrarafkoma og efnahagur fyrirtækjanna skal koma skýrt í ljós í reikningunum, annað hvort með því að færa reikninga þeirra sérstaklega, eða með því að skrá tekjur og gjöld, eignir og skuldir í ákveðna liði aðalreiknings.

Tekjur og gjöld skulu svo sem unnt er, færð í reikning þess árs, sem þau tilheyra, hvort sem greiðsla fer fram sama ár eða ekki. Í reikningum sveitarfélaga skulu eignabreytingar sýndar (þar með afskriftir á eigna- og skuldaliðum), þannig, að sambandið milli rekstrarreiknings og efnahagsreiknings komi greinilega fram.

## 10. gr.

Félagsmálaráðuneytið ákveður, í samráði við Hagstofu Íslands, form fyrir ársreikningum sveitarfélaga og lætur gera reikningseyðublöð til afnota fyrir sveitarfélögin í samræmi við það. Hagstofan hefur eyðublöð þessi á takteinum handa sveitarfélögum.

Sveitarfélögin skulu láta Hagstofunni í té ársreikninga sína og fyrirtækja sinna á því reikningsformi, er um ræðir í fyrri málsgrein þessarar greinar.

## 11. gr.

Ársreikningar hreppa skulu fullgerðir fyrir febrúarlok ár hvert og ársreikningar kaupstaða fyrir lok maímánaðar. Sama gildir um ársreikninga fyrirtækja sveitarfélaga.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt sveitarstjórnarlögum, nr. 58 29. marz 1961 og staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 19. marz 1963.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*